

## Umsókn um framlengingu lífeyrisgreiðslna þrátt fyrir dvöl á sjúkrahúsi eða stofnun fyrir aldraða

Ef umsækjandi tekur þátt í dvalarkostnaði fellur  
þátttakan ekki niður á meðan greiðslur eru framlengdar



1. Nafn umsækjanda		2. Kennitala
3. Netfang umsækjanda og/eða umboðsmanns		4. Sími umsækjanda og/eða umboðsmanns
5. Heiti stofnunar	6. Áætluð útskrift	7. Áður framlengt
8. Hve lengi er óskað eftir framlengingu? <input type="checkbox"/> Einn mánuður <input type="checkbox"/> Tveir mánuðir <input type="checkbox"/> Þrjú mánuðir		9. Húsnaðiskostnaður á mánuði kr.

### 10. Eftirtaldar upplýsingar þurfa að fylgja til að hægt sé að afgreiða umsókn:

<input type="checkbox"/> Afrit af greiðslukvittunum vegna mánaðarlegs húsnæðiskostnaðar (húsaleiga, rafmagns- og hitakostnaður, afborganir lána og viðhaldskostnaður). Kvittanir skulu ekki vera eldri en tveggja mánaða frá þeim tíma sem framlenging á að taka gildi.
<input type="checkbox"/> Greiðslufirlit (frá banka)

11. Greinargerð um annað sem skipt getur máli við afgreiðslu umsóknar
-----------------------------------------------------------------------

- **Sækja skal um framlengingu greiðslna innan sex mánaða frá því að greiðslur falla niður.** Við útreikning greiðslna er stuðst við tekjuupplýsingar frá umsækjanda. Ábyrgð á því að Tryggingastofnun hafi réttar tekjuupplýsingar við útreikning hvílir alfarið á umsækjanda/greiðsluþega.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 55. gr. laga um almannatryggingar á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur greiðsluþega ef greiðslur eru ofgreiddar. Heimilt er að draga ofgreiðslu frá bótum sem greiðsluþegi öðlast síðar.
- Eingöngu umsækjandi eða umboðsmaður á að undirrita umsókn. Eyðublað vegna umboðs er að finna á heimasíðu TR.

### Upplýsingaöflun:

Tryggingastofnun er heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga til að unnt sé að framfylgja þeim lögum sem stofnunin starfar eftir. Upplýsingar geta varðað bæði hagi umsækjanda og tekjur. Ekki er aflað meiri upplýsinga en nauðsynlegt er hverju sinni.

Umsækjanda er skylt að tilkynna um allar breytingar á aðstæðum og tekjum sem hafa áhrif á réttindi og greiðslur.

12. Staður og dagsetning	13. Undirskrift umsækjanda/umboðsmanns
--------------------------	----------------------------------------

### Reglur til viðmiðunar vegna afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta<sup>1</sup>

- Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfelld á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans frá Tryggingastofnun og bætur honum tengdar niður ef dvölin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef um er að ræða varanlega dvöl á dvalar- eða hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum og greiða lífeyrisþega bætur í allt að sex mánuði til viðbótar í samræmi við reglur þessar.
- Við afgreiðslu umsókna skal líta heildstætt á allar aðstæður umsækjanda og eftir atvikum maka hans, þ.m.t. tekjur, eignir og skuldastöðu. Í því sambandi skal einkum litið til þess hvort framlenging bóta sé nauðsynleg vegna afborgana eða annars rekstrarkostnaðar húsnæðis.
- Framlenging greiðslna er heimil ef mánaðarlegar tekjur umsækjanda, að frádraginni staðgreiðslu skatta og eftir að greiðslur frá Tryggingastofnun hafa fallið niður, eru lægri en sem nemur fullu ráðstöfunarfé, að teknu tilliti til útgjalda vegna íbúðarhúsnæðis og dvalarkostnaðar ef við á.
- Framlenging er ekki veitt ef umsækjandi á eignir í peningum eða verðbréfum að verðmæti 4.000.000 kr. eða hærra. Fjármagnstekjur eru alltaf sameign hjóna við útreikning réttinda.
- Ekki er heimilt að greiða maka umsækjanda heimilisuppbót fyrir sama tímabil og framlenging nær til.
- Ákvörðun um framlengingu bóta getur náð til allt að þriggja mánaða í senn en þó ekki lengur en í samtals sex mánuði.
- Lífeyrisþegi sem þegar hefur fengið framlengingu greiðslna í samtals sex mánuði á kost á að sækja um framlengingu aftur eftir eitt ár frá því að greiðslum vegna síðustu framlengingar lauk. Skilyrði er að lífeyrisgreiðslur hafi hafist að nýju áður en sótt er um aftur.

Ef óskað er frekari framlengingar skal sækja um að nýju og skila inn nýjum gögnum um kostnað sem staðfesta nauðsyn á áframhaldandi framlengingu.